

Nr. 106 / 12 Gullhólmi SH 201**Skipverji slasast á hendi**

Skipask . nr. 0264 IMO. .nr. 6410221
Smíðaður: Noregi 1964, stál
Stærð: 331,1 brl. 471,2 bt.
Mesta lengd: 49 m Skráð lengd: 44,4 m
Breidd: 7,5 m Dýpt: 6,26 m
Vél: Caterpillar 1038 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Gullhólmi©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. september 2012 var Gullhólmi SH 201 á línuveiðum á Breiðafjarðarmiðum. Veður: Logn

Skipverji var að vinna á rúllunni þegar hann fékk krók í löngutöng vinstri handar. Hann hélt stíft við og sleit tauminn en krókurinn sat fastur í fingrinum.

Skipstjórinn fjarlægði krókinn, sem stóð á beini, með skurðaðgerð eftir að hafa deyft fingurinn. Skipverjinn varð óvinnufær og fór til læknis þegar komið var í land þann 21. september.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að þeir hafi verið með nýja línu og á henni séu 18“ langir taumar en á fyrri línunni hafi verið 16“ langir taumar, Hann hafi sennilega misreiknað „sveifluradíus“ króksins.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.